

Ár 2023, mánudaginn 6. febrúar er dómþing Dómstóls ÍSÍ haldið að Austurströnd 3, Seltjarnarnesi af Gunnari Guðmundssyni dómara.

Fyrir er tekið mál nr. 3/2023

Ómar Örn Jónsson  
gegn

Stjórn Skotíþróttafélagi Norðurlands

Kærugögn málsins liggja frammi í réttinum.

Er nú í réttinum kveðinn upp svofelldur

## ÚRSKURÐUR

Málið var kært til skrifstofu ÍSÍ þann 9. janúar 2023 og er málið nú á forræði dómsforseta til að gagna úr skugga um að öll lagaskilyrði séu uppfyllt varðandi meðferð málsins fyrir Dómstóli ÍSÍ.

## II.

### Dómkröfur:

Krafa kæranda hljóðar svo:

„Undirritaður óskar þess að dómstól úrskurði um það hvort íþróttafélagi/stjórn félags sé heimilt að hafna félagsaðild að íþróttafélagi og einnig til að ákvarða hvort íþróttafélagi/stjórn félags sé heimilt að vísa/reka folk úr félagi. Og ef heimilt er að hafna fólki aðgang að íþróttafélagi á hvaða forsendum það má.“

### Málavextir:

**Í kæru eru málavextir tilgreindir með eftirfarandi hætti:**

„Undirrituðum sem bæði er Formaður Skotfélags Akureyrar og stjórnarmaður í Skotíþróttasambandi Íslands var búið að berast það til eyrna að erfiðlega gengi fyrir fólk að ganga í Skotíþróttafélag Norðurlands og ákvað því að prufa að sækja um. Þann 28. Desember 2022 sendi undirritaður póst á netfangið [xelent@simnet.is](mailto:xelent@simnet.is) sem virðist eina netfang sem finna má fyrir Skotíþróttafélag Norðurlands og óska eftir að gera félagi í viðkomandi félagi.

Nokkur póstsamskipti eiga sér síðan stað næstu daga á milli kæranda og kærða sem má sjá sem sönnunargögn í máli þessu og fylgja með þessum pósti til Dómstóls

ÍSÍ. Þann 6.janúar fær undirritaður póst frá netfanginu [xelent@simnet.is](mailto:xelent@simnet.is) um að umsókn hafi verið rædd og tekin fyrir af stjórn Skotípróttafélags Norðurlands um að undirritaður fái ekki inngöngu í félagið að þessu sinni og fyrir því lyggi ákveðnar ástæður að mati stjórnar sem ekki er hægt að líta framhjá við mat á hæfni umsækjanda.“

### **Lagarök:**

Samkvæmt lögum Skotípróttafélags Norðurlands segir í 4.gr Félagi getur hver sá orðið sem er íslenskur ríkisborgari. Erlendir ríkisborgarar geta orðið félagar í Skotípróttafélagi Norðurland, séu þeir búsettir hér á landi og með íslenska kennitölu. Um inntöku þeirra gilda sömu reglur og um íslenska ríkisborgara. Einnig eru lög hvað varðar félagsaðild nokkuð skýr um réttindi og skyldur félaga. 2. kafli 5.gr 5.e

Félagsaðild sé ávallt öllum frjáls og ekki séu aðrar takmarkanir á þátttöku í félagsstarfi en þær sem ytri aðstæður, t.d. þjálfunaraðstæður, leyfa. Skráning félagsaðildar tekur gildi þegar viðkomandi hefur verið skráður í sameiginlegu félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ og að sama skapi tekur úrsögn gildi þegar viðkomandi hefur verið skráður úr félagakerfinu. Það er á ábyrgð félagsmanns að ganga úr skugga um að skráning/afskráning hafi átt sér stað í félagakerfinu.

### **Röksemdir kærðu:**

Það að hægt sé að hafna fólki félagsaðildar að ípróttafélagi með engum rökum og einhverju huglægu mati stjórnar á viðkomandi sem ekki eru tilgreind á ekki að geta átt sér stað hér á landi og innan vébanda héraðssambands og ÍSÍ. Þetta eitt og sér er næg röksemdarfærsla ásamt lagarökum til að stoppa svona af. Það sem í þessu tiltekna máli varðar virðist vera búið að stofna eitthvað "einkafélag" sem engum verður hleypt inni nema séu þókknalegir stjórn viðkomandi félags.

### **Um sönnunargögn kemur eftirfarandi fram í kæru:**

Kærandi sendi meðfylgjandi viðhengi með póstsamskiptum hans við formann Skotípróttafélags Norðurlands og kveðsst geta framsent á dómstólinn öll okkar póstsamskipti sé þess óskað.

Einnig tiltekur kærandi að starfsmaður Héraðssambans Þingeyinga sé inn í þessu máli og getur vitnað um þau samskipti sem undirritaður hefur átt við SÍN og HSP.

## **III.**

### **Niðurstaða:**

Eins og mál þetta er lagt fyrir dómstólinn af kæranda verður ekki talið að málið sé dómtækt þar sem kröfugerð og málalíbúnaður uppfyllir ekki skilyrði greinar 26.2. í lögum ÍSÍ. Með vísan til framanritaðs verður ekki hjá því komist að vísa máli þessu frá dómi.

#### IV.

#### ÚRSKURÐARORÐ:

Máli þessu er vísað frá dómi.  
Gunnar Guðmundsson

*Kærendum er bent á ákvæði 24.3 í lögum ÍSÍ, en þar segir: Sé máli vísað frá dómi hefur kærandi þriggja daga frest til að skjóta málinu aftur fyrir dómstólinn. Frestur skal byrja að líða þegar frávísun berst kæranda og almennir frídagar skulu ekki telja með. Þá er kærendum einnig bent á ákvæði 33.1 í lögum ÍSÍ, en þar segir að heimilt sé að skjóta til áfrýjunardómstóls ÍSÍ, dómum og úrskurðum dómstóls ÍSÍ og af grein 33.3 leiðir að frestur til að skjóta máli til áfrýjunardómstóls er ein vika frá því að aðila var kunnugt um niðurstöðuna.*



